

Ár 1914, mánudaginn 7. des, var í landsyfirdóminum í
málinu 36/1914

Eymundur Guðbrandsson
gegn
hreppsnefnd Kaldranesshrepps
og Halldóri Kr. Júlíussyni
sýslumanni

kveðinn upp svofeldur

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfryjandi Eymundur Guðbrandsson bóndi á Bæ í Kaldranesshreppi í héraði fyrir aukarétti Strandasýslu með stefnu, útgefinni 1. júní 1909, gegn hinni stefndu hreppsnefnd f. h. Kaldranesshrepps, og krafðist þess í dómstefnunni, að stefndu yrðu f. h. hreppsins dæmdir til greiðslu á 51 krónu, með áföllnum vöxtum frá fardögum 1905, og andvirði einnar kúgildisær, er áfryjandi hefir metið 19 kr., auk málskostnaðar. Í sókn málsins krafðist áfryjandi þess enn fremur, að hin stefnda hreppsnefnd yrði fyrir hönd hreppsins dæmd til að greiða 20 kr. í mistan arð af nefndri kúgildisá árin 1905—1909 og 10 kr. fyrir færning á henni, eða samtals 100 kr., auk 5% vaxta af þessum upphæðum frá fardögum 1905 til greiðsludags. Var málið dæmt í aukarétti Strandasýslu 21. júní f. á. með þeim úrslitum, að hin stefnda hreppsnefnd f. h. hreppsins var sýknuð af kærum áfryjanda, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. ágúst þ. á. og hefir gert þær kröfur, að hinum áfryjanda dómi verði breytt og hrundið þannig, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði

teknar til greina, þar undir sérstaklega um greiðslu 51 krónu og andvirðis kúgildisær, auk vaxta af 51 kr. frá fardögum 1905 til borgunardags. Svo krefst áfryjandi og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Loks hefir áfryjandi gert þá kröfu á hendur héraðsdómaranum, Halldóri Kr. Júlíussyni sýslumanni, að hann verði sektaður fyrir drátt á dómsuppsögn í máli þessu, svo og að hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Hvorki hefir hin stefnda hreppsnefnd né hinn stefndi undirdómari mætt né látið mæta í máli þessu, enda þótt löglega sé stefnt og ber því, að því er snertir bæði hina stefndu hreppsnefnd og hinn stefnda héraðsdómara, að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Árið 1905, 2. apríl, gerði áfryjandi, sem þá var, eftir því sem viðurkennt er, oddviti hreppsnefndarinnar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu, samning við þáverandi prest að Stað í Steingrímsfirði, Hans heitinn Jónsson, þess efnis, að téður prestur fal áfryjanda byggingarráð á nokkrum kirkjuförðum tilheyrandi Staðarkirkju og liggjandi í nefndum hreppi »vegna tilmæla nokkurra manna í Kaldrananeshreppi um hluttöku í byggingar umráðum á Staðarkirkjuförðum«, eins og það er orðað í samningnum. Meðal jarða þessara var jörðin Brúará þar í hreppi. Skyldi áfryjandi »ábyrgjast að jarðirnar séu setnar og hirtar samkvæmt síðustu byggingarbréfum og gildandi lögum um það efni, hann (s: áfryjandi) skal mér (s: prestinum) að kostnaðarlausu, ábyrgjast að mér séu greiddar árlega á réttum gjalddaga leigur og landskuldir jarðanna«, þar á

meðal skyldi áfrýjandi ábyrgjast presti, að ábúandi áður-nefndrar jarðar Brúarár, Óli nokkur Guðmundsson, gyldi eftir téða ábýlisjörð sína samkvæmt byggingarbréfi sínu. Ennfremur skyldi áfrýjandi sjá um það, að prestur yrði aðnjótandi reka og útræðishlunninda, er hann hafði áskilið sér í byggingarbréfum af nefndum jörðum. Loks skyldi áfrýjandi »sjá mér (þ: prestinum) fyrir fullum skilum af hendi Óla Guðmundssonar á Brúará á ógreidda afgangi af Brúará og álagi jarðarinnar«, þá er Óli þessi flyttist af henni.

Að því er upplýst virðist í málinu, hafði presturinn að Stað í Steingrímsfirði bygt Óla þessum Guðmunds-syni Kirkjujörðina Brúará um 1895. Sýnist Óli svo hafa búið á jörðinni þar til í fardögum 1905. Fyrir jól 1904 bygði landsdrottinn Óla út af jörðinni vegna vanskila á afgangi eftir jörðina, enda hafði Óli þá um haustið beiðst sveitarstyrks af Kaldranannesshreppi, þar sem hann virðist hafa verið sveitlægur. Og í fardögum vorid 1905 fór hann af jörðinni. Galt áfrýjandi þá landsdrottni umstefndar kr. 51, sem Óli skuldaði þá af afgangi eftir jörðina. Ennfremur galt áfrýjandi landsdrottni þá eina kúgildisá, er fylgja átti jörðinni, en Óli sýnist eigi hafa þá getað skilað. Inti áfrýjandi greiðslur þessar af hendi samkvæmt áðurgreindum samningi þeirra síra Hans heitins Jónssonar. Telur áfrýjandi sig hafa gert nefndan samning í þarfir og í þágu hreppsins í því skyni, að landsdrottinn fengi eigi bygt kirkjujarðir þar í hreppi utanhreppsmönnum, er þar í hreppnum kynnu svo að ilengjast og komast þar á sveitina. Heldur áfrýjandi því fram, að hann hafi haft sem oddviti hreppsins heimild til þess að gera slíkan samning svo að bindandi væri fyrir hreppinn samkvæmt

11. gr. sveitarstjórnartilskipun 4. maí 1872, er þá var í gildi, og svo hafi það verið samkvæmt margyfirlýstum vilja bæði hreppsmanna alment og svo hreppsnefndar í Kaldrananesshreppi. Ennfremur hafi hreppnum borið skylda til þess að greiða umrætt ógöldið eftirgjald og skila vantandi kúgildisá fyrir Óla þennan Guðmurdsson, sem hafi verið þurfamaður hreppsins. Af þessum ástæðum öllum saman og hverri í sínu lagi telur áfryjandi hreppnum skylt að greiða umstefndar upphæðir.

Það er in confesso í málinu, að áfryjandi hafi eigi haft neitt formlega samþykkt umboð af hendi hreppsnefndar eða hreppsþúa til þess að undirgangast fyrir hreppsins hönd skyldur þær, er í samningnum 2. apríl 1905 greinir. Stefndu hafa ennfremur eindregið neitað því, að hreppsnefnd eða hreppsþúar hafi lýst yfir vilja sínum í þá átt, er í samningnum getur, enda hefir eitt vitni borið það fyrir rétti og staðfest með eiði, að áfryjandi hafi sagt, þegar samningurinn 2. apríl 1905 var gerður, að hann væri að afla sjálfum sér byggingarráðanna yfir jörðunum. Gegn mótmælum hinnar stefndu hreppsnefndar verður skylda hennar f. h. hreppsins til greiðslu umstefndrar kröfu því eigi byggð á þessari ástæðu.

Þar sem áfryjandi telur sig hafa haft heimild samkvæmt 11. gr. sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872, til þess að gera slíkan samning, sem þann er hér um ræðir, frá 2. apríl 1905, þá verður eigi heldur fallist á þá ástæðu. Í téðri lagagrein segir svo, að ef hreppsnefndin ákveður ekki sérstaklega um einstök mál eða einstakar greinir mála, að einstökum nefndarmönnum skuli falið á hendur að sjá um bréfagerð um þessi efni, eða framkvæma einhverjar ályktanir, þá skal oddviti gera ráðstafanir til, að

ályktanir nefndarinnar verði framkvæmdar. Hér er því gert ráð fyrir því að hreppsnefnd hafi þegar tekið ákvörðun um eitthvert mál en að eins eigi falið neinum sérstaklega framkvæmd ákvörðunarinnar. En til þess að gera slíkan samning sem þann, er hér greinir, þar sem áfryjandi hefir — að því er hann heldur fram, hreppsins vegna — tekist á hendur margskonar skuldbindingar, þar á meðal ábyrgð á skuldum, bæði þá gjaldkræfum og enn eigi til orðnum, hafði hreppsnefndaroddviti eigi heimild í stöðu sinni sem oddviti. En, eins og áður er sagt, er það eigi sannað að nokkur ályktun hafi verið tekin um þetta efni, er heimilaði áfryjanda að gera ofannefndan samning, 2. apríl 1905 — fyrir hönd hreppsins.

Um þriðju ástæðuna, að hreppnum hafi borið að greiða ógöldið eftirgjald eftir jörðina Brúará fyrir þurfamann sinn, er þess að geta, að þurfamaður þessi fékk jörðina upphaflega áður en hann varð upp á hreppinn kominn, og án þess að hreppurinn tæki nokkra ábyrgð á því að hann stæði í skilum með jarðarafgjald eða skilaði löglega jarðarkúgildum, þegar hann flyttist frá jörðinni. Óli þessi Guðmundsson sagðist til sveitar á hausthreppaskilapingi 1904, og fór frá jörðinni á næstu fardögum og er hreppnum því óskýlt að svara til vanhalda hans á ábúðarsamningnum, nema hann hefði sérstaklega undirgengist það. En því virðist eigi einusinni haldið fram í málinu af hálfu áfryjanda, að hreppsnefndin hafi undirgengist neitt slíkt fyrir hreppsins hönd, enda neitað af hálfu hennar, að svo hafi verið. Skylda hreppsins til greiðslu nefndrar upphæðar verður því eigi heldur byggð á þessari ástæðu.

Það ber því að sýkna hina stefndu hreppsnefnd f. h. Kaldrananesshrepps af kröfum áfryjanda í máli þessu,

eins og í hinum áfrýjaða dómi er gert. Og með því að yfirdómurinn felst einnig á málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins, ber að staðfesta hann í heild sinni.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins þykir rétt að málskostnaður, að því er hreppsnefndina snertir, falli niður fyrir yfirdómi.

Héraðsdómarinn tók mál þetta undir dóm 22. júní 1912, en dóm í því kvað hann eigi upp fyrir en 21. júní 1913. Með því að héraðsdómarinn hefir haldið málinu hjá sér undir dómi rétt á og engar afsakanir fært fyrir þessum drætti sínum, verður eigi hjá því komist, að dæma hann samkvæmt kröfu áfrýjanda í 200 króna sekt til landssjóðs fyrir drátt þennan, samkvæmt N. L. 1—5—8, sbr. tilsk, 15. ág. 1832, 17. gr. Hinsvegar þykir eigi ástæða til þess að taka til greina málskostnaðarkröfu áfrýjanda á hendur héraðsdómaranum, og fellur málskostnaður því einnig niður að því er hann snertir.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði aukaréttardómur á að vera óraskaður. Héraðsdómarinn, Halldór Kr. Júlíusson sýslumaður, greiði 200 kr. sekt til landssjóðs. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.